



Bráðabirgðastjórn Sósíalístaflókks Íslands: Fundargerð

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflókks Íslands. Haldinn 2. október 2017 á kaffi Meskí í Skeifunni. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru: Ásta Dís, Sólveig Anna, Laufey Ólafsdóttir og Gunnar Smáli Egilsson. Gestur fundarins er Katrín Baldursdóttir. Viðar Þorsteinsson var forfallaður sökum veikinda.

Ritari var Laufey Ólafsdóttir.

1 · Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (25. september) var samþykkt.

2 · Flokksstarf: Sellur, verkalýðshópar, málefnavar

Rætt var um að halda áfram málefnavinnu. Katrín undirstrikar enn og aftur hversu kröftug og gefandi sú vinna var og hversu mikill kraftur býr í félögum flokksins. Mjög mikilvægt að halda þessari vinnu gangandi þar sem þessi vinna styrkir flokkinn innanfrá og gerir grasrótina sýnilega, enda flokkurinn stofnaður í þeim tilgangi að hlusta á raddir almennings.

Rætt um hvernig ná megi til hópsins „working poor“ (vinnandi fátækir). Talað um hvernig gera megi efni sem kemur frá grasrót og kemur málefnum til skila.

Rætt var um óbeina þátttöku okkar í kosningabárattunni, með því að setja mál á dagskrá og halda þeim á lofti. Spurt var hvort taki því að byrja með einhverja málefnavar fyrir kosningar.

Þá var nefnd að eftir því sem stefnumál flokka fyrir kosningar fara að skýrast geti okkar hlutverk verið að gagnrýna stefnumálin og velja því upp hversu mikið sé að marka þær.

Því var velt upp í framhaldi af umræðu á fyrri fundum hvort flokkurinn ætti að standa fyrir borgarafundum með skýrri áherslu á málefni.

Rætt um þann möguleika að búa til nokkurs konar „Innipúka“ andfélagslegar samkomur frekar en að halda fundi fyrir sirkusinn.

3 · Sósíalistapiing

Rætt var um Sósíalistapiing og mikilvægi þess að þar verði gleði og gaman, upplífandi og skemmtileg dagskrá í bland við hefðbundin fundarstörf. Enn og aftur lögð áhersla á að það verði skapandi, fræðandi og skemmtilegt, en ákveðið að ræða þetta frekar þegar fleiri meðlimir bráðabirgðastjórnar eru viðstaddir.

4 · Sveitastjórnarmál

Rætt um baráttumál í Reykjavíkurborg. Gæti verið gott að fara í að móta stefnu í sveitarstjórnarmálum eftir Sósíalistapiing. Möguleiki á að ráðist verði í framboð fyrir sveitarstjórnarkosningar, enda sannarlega þörf á sósíalískum áherslum í mörgum sveitarfélögum og ekki síst í Reykjavík. Ákvörðun um þetta mun þó vera falin gestum Sósíalistapiings og nýrrar stjórnar sem kosin verður til starfa á því þingi.

5 · Áróður, umræða, fundir

Þar sem fámennnt var á fundinum var málefnið bara rætt lauslega og ákveðið að ræða það betur þegar fleiri meðlimir bráðabirgðarstjórnar væru viðstaddir (sennilega eitthvað af þessu nú þegar rætt í liði 2).

6 · Önnur mál, þ.m.t. þingkosningar

Lítillga var rætt um stöðuna og þörf á sósíalískum áherslum, sem fá takmarkað rými, enda þarf róttækar kerfisbreytingar til þess að slíkt sé mögulegt. Enginn af stóru flokkunum talar að mati fundarins fyrir slíkum breytingum og möguleg stjórnarmynstur í kjölfar kosninga ekki líkleg til að leiða til slíkra breytinga.

Fundi var slitið um 21:50